


Tillaga Náttúrustofu Austurlands um ágangssvæði og veiðikvóta 2005

Rán Þórarinsdóttir



 NÁTTÚRUSTOFA AUSTURLANDS		<input checked="" type="checkbox"/> Egilsstaðir <input type="checkbox"/> Neskaupstaður
Skýrsla nr: Ónúmeruð	Dags (mánuður, ár): Desember 2004	Dreifing: Opin
Heiti skýrslu (aðal- og undirtitill): Tillaga Náttúrustofu Austurlands um ágangssvæði og veiðikvóta 2005		Upplag: 7 Síðufjöldi: 12 Fjöldi korta: 0 Fjöldi viðauka: 5
Höfundar: Rán Þórarinsdóttir		
Unnið fyrir: Umhverfisstofnun og Hreindýraráð		
Samvinnuaðilar:		
<p>Útdráttur: Tillaga Náttúrustofu Austurlands um heildarveiðikvóta fyrir 2005 er sú sama og fyrir 2004 eða 800 dýr. Tillaga heildarkvóta byggir á upplýsingum sem fengust úr talningum í sumar og á fengitíma 2004 (viðauki I, II og VI) en þær talningar gáfu til kynna að stofnstærð sé um 4000 dýr. Veiðikvótinn miðar að því að hreindýrum fjölgi ekki frá því sem nú er.</p> <p>Talningar á fengitíma gefa jafnframt upplýsingar um aldur- og kynja-samsetningu stofnsins (viðauki VI). Törfum hefur verið að fjölga í stofninum á síðustu árum eins og stefnt hefur verið að frá 1990. Árið 2004 var svo komið að æskilegu tarfahlutfalli var náð (35-40% af fullorðnum dýrum) og 2005 var það orðið í hærra lagi (viðauki IV). Lagt er til að tarfahlutfall í veiði verði hækkað sem nemi 24 dýrum frá í fyrra og hlutföllin verði því 408 kýr og 392 tarfar.</p> <p>Skipting kvóta milli svæða helst í stórum dráttum óbreyttur. Undantekning frá þessu er svæði 4 og 5. Lagt er til að færa mörkin milli þessara svæða og um leið að kvóti verði breyttur í samræmi við það. Að auki þótti ástæða til að minka kvóta á svæði 4 töluvert.</p> <p>Skiptingu hreindýrahaga á Austurlandi í ágangssvæði árið 2005 er óbreytt frá 2004</p>		
Lykilorð: Kvóti fengitími ágangur, ágangssvæði		ISSN nr:
Yfifarið:		ISBN nr:



NÁTTÚRUSTOFA AUSTURLANDS

Tillaga Náttúrustofu Austurlands um ágangssvæði og veiðikvóta 2005

Lagt fyrir fund Hreindýraráðs 23. nóvember 2004

Rán Þórarinsdóttir

Útdráttur

Tillaga Náttúrustofu Austurlands um heildarveiðikvóta fyrir 2005 er sú sama og fyrir 2004 eða 800 dýr. Tillaga heildarkvóta byggir á upplýsingum sem fengust úr talningum í sumar og á fengitíma 2004 (viðauki I, II og VI) en þær talningar gáfu til kynna að stofnstærð sé um 4000 dýr. Veiðikvótinn miðar að því að hreindýrum fjölgi ekki frá því sem nú er.

Talningar á fengitíma gefa jafnframt upplýsingar um aldur- og kynja-samsetningu stofnsins (viðauki VI). Törfum hefur verið að fjölga í stofninum á síðustu árum eins og stefnt hefur verið að frá 1990. Á seinasta ári var svo komið að æskilegu tarfahlutfalli var náð (35-40% af fullorðnum dýrum) og reynt að stemma stigum við frekari fjölgun með hækkuðum tarfakvóta (hækkun um 29 dýr 2004). Hlutfall tarfa í stofninum er enn í hærra lagi (viðauki IV). Lagt er til að tarfahlutfall í veiði verði hækkað sem nemi 24 dýrum frá í fyrra og hlutföllin verði því 408 kýr og 392 tarfar.

Skipting kvóta milli svæða helst í stórum dráttum óbreyttur. Undantekning frá þessu er svæði 4 og 5. Lagt er til að færa mörkin milli þessara svæða og um leið að kvóti verði breyttur í samræmi við það. Að auki þótti ástæða til að minka kvóta á svæði 4 töluvert.

Skiptingu hreindýrahaga á Austurlandi í ágangssvæði árið 2005 er óbreytt frá 2004

Ágangssvæði

Náttúrustofa Austurlands telur engar forsendur til að breyta skiptingu ágangssvæða frá því sem var í fyrra. Þau eru eftirfarandi:

1. Vopnafjarðarhreppur
2. Jökuldalur auk Sellands, Blöndugerðis, Bótar, Flúða, Hlíðar, Heiðarsel og Skóghlíðar. Án Valþjófsstaðar- og Skriðuklausturslands sem liggur innan sveitarfélagsmarka Norður Héraðs.
3. Jökulsárhlíð utan við Selland
4. Hróarstunga utan við Flúðir, Bót, Hlíð, Skóghlíð, Heiðarsel og Blöndugerði
5. Fellahreppur
6. Fljótsdalshreppur auk lands Valþjófsstaðar og Skriðuklausturs sem liggur í landi Norður Héraðs
7. Borgarfjarðarhreppur
8. Hjaltastaðapinghá
9. Eiðapinghá og bæir inn að Eyvindará (Þuríðarstaðir, Dalhús, Miðhús, Steinholt og Eyvindará)
10. Vellir og jarðir innan Eyvindarár (Egilsstaðir, Kollsstaðagerði og Kollsstaðir)
11. Skriðdalur
12. Seyðisfjörður og Mjóifjörður
13. Norðfjörður og Eskifjörður
14. Reyðarfjörður
15. Breiðdalshreppur
16. Djúpavogshreppur
17. Lón (gamli Bæjarhreppur)
18. Nes (gamli Nesjahreppur)
19. Mýrar og Suðursveit (gamli Mýrar- og Borgarhafnarhreppur)

Nánar um talningar og kvóta

Vetrartalningin 2003 og 2004 mistókst víðast hvar vegna einmuna blíðu og snjóleysis. Sumartalning 2004 á Snæfellshjörðinni og á SA landi (viðauki I og II) tókst hinsvegar vel og eins talning á fengitíma 2004 (viðauki VI). Aðalega var stuðst við þessar talningar í mati á kvóta en einnig var hægt að styðjast við vetrartalningu 2003 á sumum svæðum (viðauki V). Ekkert bendir til þess að sviptingar hafi orðið í fjölda og dreifingu dýra milli ágangssvæða.

Tafla 1. Tillaga að kvóta fyrir veiðitímabilið 2005. Kvóta skipt eftir Veiðisvæðum og ágangssvæðum

Staðsetning	Kvóti			Breyting frá 2004	
	Kýr	Tarfar	Alls	kýr	Tarfar
Vopnafjarðarhreppur (1)	7	3	10		
Jökuldalur N og Selland (2)	5	10	15		
Jökulsárhlíð utan Sellands (2)	6	3	9		
Svæði 1	18	16	34	0	0
Jökuldalur A (2)	44	52	93		
Hróarstunga (4)	14	11	24		
Fellahreppur (5)	22	21	42		
Fljótsdalshreppur (6)	49	63	108		
Vellir V (10)	8	5	13		
Skriðdalur V (11)	7	3	10		
Hjaltastaðapinghá (8)	12	4	16		
Eiðapinghá (9)	9	3	12		
Svæði 2	165	163	328	0	10
Borgarfjarðarhreppur (7)	17	27	44		
Svæði 3	17	27	44	-5	9
Vellir A (10)	4	1	4		
Mjóifjörður (12)	7	1	8		
Seyðisfjörður (12)	19	3	22		
Svæði 4	30	5	35	-11	-23
Reyðarfjörður (14)	4	7	11		
Eskifjörður og Norðfjörður (13)	36	48	84		
Svæði 5	40	55	95	-4	9
Skriðdalur A (11)	15	21	36		
Breiðdalshreppur (15)	11	17	28		
Svæði 6	26	38	64	-6	6
Djúpavogshreppur (16)	27	39	66		
Svæði 7	27	39	66	-3	9
Hornafjarðarbær(Lón) (17)	22	18	40		
Hornafjarðarbær(Nes) (18)	11	9	20		
Svæði 8	33	27	60	3	-3
Hornafjarðarbær(Mýrar) (19)	52	7	59		
Hornafjarðarbær (Suðursveit) (19)		15	15		
Svæði 9	52	22	74	2	7
Samtals kvóti	408	392	800	-24	24

Nánari skoðun einstakra veiðisvæða

Svæði 1, 2 og 6 (Snæfellshjörð)

Vetrartalning 2004 tókst ekki og því er nær að skoða sumartalningu 2004 sem tókst vel (viðauki I og II). Eins og sumarið 2003 virðist mun stærrí hluti Snæfellshjarðarinnar ganga norðan og vestan Jökulsá í Fljótsdal en áður. Sumardreifing dýranna í ár svípar einnig til ársins í fyrra að því leyti að nú ganga þau mun meir út á Fljótsdalsheiði en minna á Vesturöræfum og austan Snæfells.

Í sumartalningu þann 5. og 7. júlí 2004 fundust 2298 hreindýr sem er sama tala og 2002 (munar einu dýri!) og gefur góða mynd af fjölda dýra á þessu svæði. 2003 voru hreindýrin á þessu svæði talin 1849 sem eru 450 dýrum færri. Líklegast er talið að skýring þess er að einn eða fleiri hópar hafi ekki fundist á Fljótsdals- og Fellaheiði. Eins og 2003 fundust nær engin dýr á Vesturöræfum eða Undir Fellum. 87% dýranna sem fundust voru á Fljótsdalsheiði.

Svæði 3

Á fengitíma 2004 fundust 147 dýr á svæði 3. Talningin tókst vel og líkur til að niðurstöður talningar séu nálægt raunverulegum fjölda á svæðinu. Hlutfall tarfa er 43% á móti kúm. Lagt er til að hækka kvóta á svæðinu um 4 dýr og að hlutfall tarfa í veiði sé hækkað um 9 dýr.

Svæði 4

Vandræði hafa verið á skiptingu milli svæða 4 og 5. Í samráði við hreindýraráð leggur Náttúrustofa Austurlands til breytingu á mörkum milli þessara svæði þannig að gamli Reyðarfjarðarhreppur, verði nú allur inni á svæði 5. Skörun verðu milli þessara svæða og getur Hreindýraráð í samráði við Náttúrustofu Austurlands gefið út leyfi til veiða úr kvóta svæðis 4 á svæði 5 og öfugt.

2003 voru talin vera um 170 dýr á þessu svæði. Í talningum á fengitíma 2004 fundust á þessu svæði 125 dýr. Líklega vantar inn í þessa tölu eina 40 dýra hjörð sem fréttist af sunnan í Mjóafirði.

Dreifing dýranna virðist eitthvað hafa breyst á síðustu árum. Þau ganga nú í meira mæli um hlíðar Mjóafjarðar og takmarka sig ekki lengur við Seyðisfjörð. Kvótinn á seinasta ári miðaði að því að fækka dýrum á þessu svæði sökum ofbeitar í Seyðisfirði. Aukin dreifing

hjarðarinnar minkar álagið á svæðinu og telur Náttúrustofa Austurlands ekki ástæða til að fækka dýrunum frekar. Jafnframt virðist hlutfall tarfa á þessu svæði mjög lágt og ástæða til að minka tarfahlutfall í veiði töluvert. Náttúrustofa Austurlands telur þó ekki rétt að fjölga dýrum til muna fyrr en frekari upplýsingar um beitaráhrif liggja fyrir. Kvótinn fyrir svæði 4 er 35 dýr og þar af 5 tarfar.

Svæði 5

Eskifjörður, Norðfjörður og Reyðarfjörður

Lagt er til að svæði 5 verður stækkað sem nemur gamla Reyðarfjarðarhreppi eins og segir hér að ofan. Inn á svæði 5 bætist Reyðarfjarðarhjørðin margumtalaða og kvótinn hækkaður sem því nemur og raunar aðeins meira eða upp í 95 dýr. Í vetrartalningu í mars 2003 fundust 228 dýr sem var sá fjöldi sem búist var við að væri á þessu svæði. Þá var tarfahlutfallið mjög hátt og kvóti tarfa hækkaður um 10 frá árinu á undan. Enn er tarfahlutfall hátt eða um helmingur á móti kúnum. Lagt er til að hækka kvótan um 5 dýr og að tarfahlutfallið verði hækkað um 9 dýr.

Svæði 7

Í vetrartalningu 2003 fundust um 100 fleiri dýr á svæðinu en árið áður eða 383 dýr. Þó var kvóta haldið óbreytt frá árinu áður. Í ár fannst svipaður fjöldi dýra á fengitíma eða um 373 dýr. Kvóti á svæðinu er hækkaður um 3 dýr. Hlutfall tarfa á móti kúa var 0,44 og er lögð til 9 dýra hækkun tarfahlutfalls í veiði. Einnig er lagt til að skörun verði á milli svæðis 7 og 8 því dýrin flakka mikið um á þessum mörkum.

Svæði 8

Svæðið milli Nesja og Lóns var talið 6. júlí 2004 og gaf 246 dýr. Talningin heppnaðist vel og líklegt að þetta sé nálægt raunverulegum fjölda dýra á svæðinu. Þetta er jafnframt sami fjöldi og fannst á þessu svæði árinu á undan. Lagt er til að halda kvóta óbreyttum en lækka tarfahlutfall í veiði sem nemur 3 dýrum.

Svæði 9

Mýrar og Suðursveit (Hornafjörður)

Í sumartalningu 6. júlí 2004 fundust 327 hreindýr á Lónsöræfum. Þar af voru aðeins 6% tarfar og líklegt að einhverjar tarfahjarðir vanti inn í þetta. Af þeim 57 fullorðnu dýrum sem fundust á fengitíma í október 2004 voru tarfar um 0,44 á móti kúm og er það líklegra kynjahlutfall. Lagt er til að kvóti á svæðinu verði hækkaður um 9 dýr og þar af tarfakvóti 7 dýr.

Aðrar tillögur:

- Veturgamlir tarfar verði áfram alfriðaðir.
- Eingöngu kálfar veiddra kúa verði veiddir, ekki aðrir kálfar.
- Stuðla að því að það komist botn í hvar má aka og hvar ekki á veiðisvæðum.
- Tryggja enn frekar eftirlit með veiðum og akstri í samráði við sýslumenn og lögreglu.
- Engin veiði leyfð fyrir 15. ágúst á svæði sem afmarkast að vestan af Jökulsá á Dal, frá Hnitasporði þvert yfir að Tungusporði, í topp á Urgi, þaðan í Laugará og inn Jökulsá í Fljótsdal og með austustu kvísl í jökul.
- Umhverfisstofnun í samráði við Náttúrustofu Austurlands megi flytja veiðikvóta milli skörunarsvæða á veiðtíma ef ástæður þykja til. Skörun sé áfram leyfð milli veiðisvæðia 1 /2, 6 / 2 og 7/ 2 eins og áður en að nú bætist einnig við skörun milli 4/5 og 7/8.
- Veiðikvótann á svæði 9 skal fyrst og fremst veiða í Suðursveit, annars á Mýrum ef hægt er.
- Tarfaveiði hefjist almennt 15. júlí. Þó með þeim fyrirvara að fram til 1. ágúst séu tarfarnir ekki veiddir ef þeir eru í fylgd með kúm eða ef veiðar trufla kýr og kálfa í sumarhögum.

Hreindýratalning á Snæfellsöræfum 5. og 7. júlí 2004

Skarphéðinn G. Þórisson
Rán Þórarinsdóttir

Dagana 5. og 7. júlí 2004 voru hreindýr talin á Snæfellsöræfum þ.e. í Sauðafelli, Kringilsárrana, Vesturöræfum, Undir Fellum, á Múla og vestasta hluta Hrauna auk Fljótsdals- og Fellaheiða. Flogið var með TF KLÓ og TF RPM, flugmaður var Stefán Scheving Einarsson. Til aðstoðar var Reimar Ásgeirsson þann fimmta og Árni Valur Skarphéðinsson þann sjöunda. Veður var ágætt til leitar og myndatöku.

Tafla 1. Hreindýratalning á Snæfellsöræfum 5. og 7. júlí 2004.

Dags.		Staðsetning	Kýr	Kálfar	Tarfar	Samtals
5.7. 2004	Kr.rani	SV Töfrafoss	25	13	6	44
5.7. 2004	Kr.rani	SV Töfrafoss	0	0	8	8
5.7. 2004	Kr.rani	Við Töfrafoss	0	0	11	11
5.7. 2004	Kr.rani	Í Sauðafelli við Töfrafoss	16	11	0	27
5.7. 2004	Kr.rani	Utan Töðuhrauka austarlega	1	1	40	42
5.7. 2004	Kr.rani	Innan Töðuhrauka austarlega	0	0	28	28
5.7. 2004	Kr.rani	Innan Töðuhrauka austarlega	10	8	0	18
5.7. 2004	Kr.rani	Innan Töðuhrauka	20	11	0	31
Samtals		Kringilsárrani og Sauðafell	72	44	93	209
5.7. 2004	Vesturöræfi	NV Sauðakofa	0	0	24	24
Samtals		Vesturöræfi	0	0	24	24
7.7.2004	Fljótsdalsh.	Milli Gilsársv. og Halldórsöldu	0	0	19	19
7.7.2004	Fljótsdalsh.	Við Fjallaskarðsslóð A kvíslar	42	37	7	86
7.7.2004	Fljótsdalsh.	Utan Hölknár NNV Grjótöldu	93	35	76	204
7.7.2004	Fljótsdalsh.	Utan Hölknár NNV Grjótöldu	195	125	2	322
7.7.2004	Fljótsdalsh.	N í Urg	120	50	29	199
7.7.2004	Fljótsdalsh.	N í Urg	704	458	8	1170
Samtals		Fljótsdalsheiði	1154	705	141	2000
5.7. 2004	Undir Fellum	Snæfellsnes	17	11	0	28
7.7.2004	Undir Fellum	Innst á Eyjabökkum	8	6	0	14
7.7.2004	Undir Fellum	A við Hálskofa	15	0	8	23
Samtals		Undir Fellum	40	17	8	65
Alls			1266	766	266	2298
Prósentur			55	33	12	

Hreindýrataling á Suðausturlandi 6. júlí 2004

Skarphéðinn G. Þórisson
Rán Þórarinsdóttir

Þann 6. júlí voru Nesjafjöll og Lónsöræfi leituð á TF KLÓ, flugmaður var Stefán Scheving Einarsson, Rán Þórarinsdóttir og Skarphéðinn G. Þórisson frá Náttúrustofu Austurlands og til aðstoðar Gísli Sigurbergsson á Svínafelli.

Veður var eins og best verður á kosið, nær logn og fjórðungs skýjahula. Leitað var í um tvo og hálfan tíma en síðan á heimleiðinni leitað án Gísla á Lónsöræfum innan Kjarrdalsheiðar og Hnappadalstinds.

Tafla 1. Hreindýrataling á SA landi 6. júlí 2004.

Staðsetning	Svæði	Kýr	Kálfar	Tarfar	Samtals
Hrossamýrar	Nes	58	30	8	96
Við Vatnssker	Nes	11	3	1	15
V af Reipsdal	Nes	18	11	0	29
V af Reipsdal	Nes	17	14	0	31
V af Reipsdal	Nes	1	1	6	8
Skyndidalsmúlar	Nes	10	9	0	19
Slaufrudalur	Nes	22	10	4	36
Endalausidalur	Nes	0	0	12	12
Samtals		137	78	31	246
%		56	32	13	
Sandmerkisheiði	Mýrar	13	7	1	21
Samtals		13	7	1	21
%		62	33	5	
N Tröllakrókahnaus	Lónsöræfi	0	0	14	14
Vatnshlíðar	Lónsöræfi	1	0	0	1
Grísatungur	Lónsöræfi	16	7	1	24
SV undir Hofsjökli	Lónsöræfi	9	6	0	15
S í Hnútu	Lónsöræfi	88	53	0	141
S undir Hnútu	Lónsöræfi	78	49	5	132
Samtals		192	115	20	327
%		59	35	6	
Alls		342	200	52	594
%		58	34	9	

Viðauki III

Tafla 1. Tillaga Náttúrustofu Austurlands um hreindýraveiðikvóta 2004. Dálkarnir lengst til hægri sýnir breyting kvótans frá árinu á undan.

Veiðisvæði/Ágangssvæði	Tarfar	Kýr	Alls	Tarfar	Kýr
Vopnafjarðarhreppur	3	7	10		
Jökuldalur N og Selland	10	5	15		
Jökulsárhlíð utan Sellands	3	6	9		
Svæði 1	16	18	34	0	0
Jökuldalur A*	49	44	93		
Hróarstunga**	10	14	24	1	-1
Fellahreppur	20	22	42	2	-2
Fljótsdalshreppur***	59	49	108		
Vellir V*****	5	8	13		
Skriðdalur V	3	7	10		
Hjaltastaðapinghá	4	12	16		
Eiðapinghá****	3	9	12		
Svæði 2	153	165	318	3	-3
Borgarfjarðarhreppur	18	22	40	2	-2
Svæði 3	18	22	40	2	-2
Vellir A*****	4	5	9		
Mjóifjörður	6	10	16	2	-2
Seyðisfjörður	18	26	44	4	-4
Reyðarfjörður	6	4	10		
Svæði 4	34	45	79	6	-6
Eskifjörður og Norðfjörður	40	40	80	10	-10
Svæði 5	40	40	80	10	-10
Skriðdalur A	14	14	28	1	-1
Breiðdalshreppur	18	18	36	1	-1
Svæði 6	32	32	64	2	-2
Djúpavogshreppur	30	30	60	2	-2
Svæði 7	30	30	60	2	-2
Hornafjarðarbær(Lón)	20	20	40	4	-4
Hornafjarðarbær(Nes)	10	10	20		
Svæði 8	30	30	60	4	-4
Hornafjarðarbær(Mýrar)	5	50	55		
Hornafjarðarbær (Suðursveit)	10		10		
Svæði 9	15	50	65	0	0
Samtals	368	432	800	29	-29

Viðauki IV

Tafla 1. Fengitímatalning hreindýra á öllum svæðum á tímabilinu 23. september til 14. október 2004. Greining til kyns og aldurs og einnig hlutföll milli fullorðinna dýra (veturgömlum og eldri dýrum).

Staðsetning	Fjöldi dýra			Hlutföll	
	Kýr	Tarfar	Alls	Kýr	Tarfar
Vopnafjarðarhreppur (1)	1	0	1	1,00	0,00
Jökuldalur N og Selland (2)	64	30	94	0,68	0,32
Jökulsárhlíð utan Sellands (2)	0	0	0	0,00	0,00
Svæði 1	65	30	95	0,68	0,32
Jökuldalur A (2)	306	274	580	0,53	0,47
Hróarstunga (4)	0	0	0	0	0
Fellahreppur (5)	88	64	152	0,58	0,42
Fljótsdalshreppur (6)	91	59	150	0,61	0,39
Vellir V (10)	0	0	0	0	0
Skríðdalur V (11)	5	5	10	0,50	0,50
Hjaltastaðþinghá (8)	0	0	0	0	0
Eiðþinghá (9)	0	0	0	0	0
Svæði 2	490	402	892	0,55	0,45
Borgarfjarðarhreppur (7)	52	40	92	0,57	0,43
Svæði 3	52	40	92	0,57	0,43
Vellir A (10)	0	0	0	0	0
Mjóifjörður (12)	23	12	35	0,66	0,34
Seyðisfjörður (12)	43	4	47	0,91	0,09
Svæði 4	66	16	82	0,80	0,20
Reyðarfjörður (14)	0	0	0	0	0
Eskifjörður og Norðfjörður (13)	83	80	163	0,51	0,49
Svæði 5	83	80	163	0,51	0,49
Skríðdalur A (11)	22	32	54	0,41	0,59
Breiðdalshreppur (15)	0	0	0	0	0
Svæði 6	22	32	54	0,41	0,59
Djúpavogshreppur (16)	157	122	279	0,56	0,44
Svæði 7	157	122	279	0,56	0,44
Hornafjarðarbær (Lón) (17)	27	12	39	0,69	0,31
Hornafjarðarbær (Nes) (18)	0	0	0	0	0
Svæði 8	27	12	39	0,69	0,31
Hornafjarðarbær (Mýrar) (19)	32	25	57	0,56	0,44
Hornafjarðarbær (Suðursveit) (19)	0	0	0	0	0
Svæði 9	32	25	57	0,56	0,44
Samtals dýr	994	759	1678	0,59	0,45

Tafla 1. Vetrartalning Náttúrustofu Austurlands 22-30. mars 2003

	F. ♂	U. ♂	K ♀	H ♀	Kálfar	X	2003	2002	Breyting
Vopnafjarðarhreppur							0	56	-56
Fljótisdalshreppur N							0	818	-818
Fljótisdalshreppur S							0	35	-35
Jökuldalur N	6					102	108	361	-253
Jökuldalur A	8	47				102	157	239	-82
Fellahreppur	8	5					13	84	-71
Hróarstunga	60	12			4		76	13	63
Jökulsárhlíð	30			10		48	88	35	53
Hjaltastaðapinghá	16					15	31	56	-25
Borgarfjarðarhreppur							0	70	-70
Seyðisfjarðarhreppur						17	17	144	-127
Skriðdalur 6	4	5					9	30	-21
Skriðdalur 2	16					65	81	15	66
Vellir							0	102	-102
Egilsstaðir							0	0	0
Eiðapinghá	2	8		10	4		24	74	-50
Mjóafjarðarhreppur							0	3	-3
Eskifj/Norðfj	33	26	7	73	66	23	228	186	42
Reyðarfjörður	7	8	5	23	18	10	71	62	9
Fáskrúðsfj.hreppur							0	0	0
Stöðvarhreppur							0	0	0
Breiðdalshreppur							0	15	-15
Beruneshreppur	52	3				146	201	36	165
Búlandshreppur	7						7	11	-4
Geithellnahreppur	76	36		34	16	13	175	257	-82
Lón	21	12	3	33	38	83	190	162	28
Nes							0	76	-76
Mýrar							0	56	-56
Suðursveit							0	55	-55
SAMTALS	346	162	15	183	146	624	1476	3051	-1575
hlutfall %	41	19	2	21	17				

NÁTTÚRUSTOFA AUSTURLANDS

Mýrargötu 10 • 740 Neskaupstaður • Sími 477-1774 • Fax 477-1923 • Netfang: na@na.is
Tjarnarbraut 39B • 700 Egilsstaðir • Sími: 471-2813 og 471-2774 • Netfang: ran@na.is